

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1801
komudagur 27.4.2010

Frá: SÍ Harpa Jónsdóttir [harpa.jonsdottir@sedlabanki.is]

Sent: 26. apríl 2010 13:01

Viðtakandi: Selma Hafliðadóttir

Afrit: SÍ Tryggvi Pálsson; SÍ Arnór Sighvatsson; SÍ Már Guðmundsson; SÍ Sigríður

Logadóttir

Efni: Erindi frá viðskiptanefnd - Lög um fjármálafyrirtæki

343. mál

Sæl Selma

Eins og um var samið þá sendi ég athugasemdir Seðlabankans í tölvupósti.

Um er að ræða athugasemdir Seðlabanka Íslands við breytingartillögum frá viðskiptanefnd, á frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 með síðari breytingum.

Athugasemdir Seðlabanka Íslands

Seðlabankinn telur að flestar breytingartillögur sem fram hafa komið við ofangreint frumvarp séu til bóta. Þar má sérstaklega nefna þá breytingu á 4. gr. frumvarpsins að fjármálaeftirlitið geti takmarkað ákveðna starfsemi fjármálafyrirtækis. Mikilvægt er einnig að til staðar séu mildari úrræði en svipting starfsleyfis. Þá eru þær breytingar sem gerðar hafa verið á 11. gr. varðandi upplýsingar um viðskiptamenn mikil framsför frá fyrri tilhögun. Að öðru leyti vísar Seðlabankinn að mestu til fyrri umsagnar bankans, en gerir eftirfarandi athugasemdir við framkomnar breytingar á frumvarpinu:

* Skilgreiningar (1. gr)

* Foreldrar eru ekki lengur taldir í nánnum tengslum við aðila, eins og í upphaflega frumvarpinu. SÍ telur æskilegt að nán tengsl nái til foreldra, annað hvort sem þáttur skilgreiningar á nánnum tengslum, eða með því að breyta skilgreiningu á samstarfi, en aðilar í samstarfi teljast vera í nánnum tengslum.

* Skuldbindingaskrá (8. gr. a)

* Eftir breytingar er gert ráð fyrir því að skuldbindingar að fjárhæð 300 m.kr. eða hærri verði skráðar í skuldbindingaskrá. Seðlabankinn telur það til bóta miðað við upprunalegt frumvarp, en leggur þó áherslu á mikilvægi þess að stofna ítarlegan skuldagrunn og væntir þess að það verði þá gert með sérstöku frumvarpi.

* Skylda lántaka til að veita upplýsingar (8. gr. b).

* Fjármálaeftirlitinu (FME) er heimilt að krefja lántaka um upplýsingar ef lántaki er álitinn kerfislega mikilvægur. Neiti aðili að veita þær upplýsingar getur FME, samkvæmt breyttu frumvarpi, lagt auknar eiginfjárkröfur á eftirlitsskylda aðila vegna lánafyrirgreiðslu af þeirra hálfu til viðkomandi. Seðlabankinn leggur til að greinin verði óbreytt frá upphaflega frumvarpinu, þannig að Fjármálaeftirlitið geti „fyrirskipað eftirlitsskyldum aðilum að ekki verði frekari fyrirgreiðsla af hálfu eftirlitsskyldra aðila til viðkomandi.“ Það er bæði afdráttarlausara, skýrara og skilvirkara.

* Lánveitingar (17. gr.). Lánveitingar til aðila sem tengjast fyrirtækinu og lán með veði í hlutabréfum.

* Til bóta er að bæta inn orðinu „eða dótturfélögum þess“. Við texta um lán með veði í hlutabréfum í öðrum fjármálafyrirtækjum þess efnis að Fjármálaeftirlitið setji „reglur um með hvaða hætti lán sem eru tryggð með hlutabréfum annars fjármálafyrirtækis koma til frádráttar

við útreikning á áhættu- og eiginfjárgrunni“ gerir Seðlabankinn eftirfarandi athugasemdir: Viðurlög við broti á því að reikna eiginfjárgrunn á rangan hátt þurfa að vera þung. Víða er vísað til eiginfjárlutfalls í lögum þessum og eiginfjárlutfall er grundvallarstærð er varðar starfsleyfi fjármálafyrirtækis.

* Í Kafla XIV, Viðurlög, 110 gr. laga nr. 161/2002 er brot á 84. gr. og 85. gr. laga nr. 161/2002 ekki að finna þar sem taldar eru upp heimildir Fjármálaeftirlitsins til stjórnvaldsseкта. Þessu þarf að breyta þannig að við brot á 84. gr. og 85. gr. laga nr. 161/2002 er varða útreikning á eiginfjár- og áhættugrunni sé Fjármálaeftirlitinu heimilt að leggja á stjórnvaldssektir. Seðlabankinn leggur til eftirfarandi:

* Í 45. gr. frumvarpsins breytist 38. töluliður í: „Útreikningur á áhættu- og eiginfjárgrunni skv. skilgreiningum í 84. gr. og 3. másl. 7. mgr. 84. gr. um tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins.“

* Í 45. gr. frumvarpsins bætist við töluliður á eftir 38. tölulið: “85. gr. um frádrátt frá eigin fé”. Þ.e. 39. töluliður verði: “85. gr. um frádrátt frá eigin fé” og númer liða þar á eftir hækkar því um einn.

* Í 17. gr. frumvarpsins mætti einnig kveða á um að brot á reglum þeim sem Fjármálaeftirlitið setur um frádrátt frá áhættu- og eiginfjárgrunni séu refsiverð með sama hætti og brot á lögum er varðar útreikning á áhættu- og eiginfjárgrunni. Þá ætti að setja inn viðeigandi viðurlög við brotum á ákvæðum í 84. og 85. gr. laga um fjármálafyrirtæki er varða útreikning á áhættu- og eiginfjárgrunni sbr. ofangreint. Seðlabankinn leggur til eftirfarandi:

* 12. töluliður í 45. gr. frumvarpsins orðist svo: „1. og 2. mgr. 29. gr. a um bann við lánveitingum eða öðrum fyrirgreiðslum, og 4. mgr. 29. gr. a. um reglur þær er Fjármálaeftirlitið setur um með hvaða hætti lán sem eru tryggð með hlutabréfum eða stofnfjárbréfum annars fjármálafyrirtækis koma til útreiknings á áhættu- og eiginfjárgrunni.“

* Ákvæði til bráðabirgða

* Liður III. „Í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármáلامarkaði getur Fjármálaeftirlitið gripið til sérstakra ráðstafana í samræmi við fyrirmæli þessa ákvæðis telji það þörf á því sakir sérstakra aðstæðna eða atvika...“. Þetta ákvæði neyðarlaganna er nú framlengt til 1. júlí 2011. Seðlabankinn styður framlengingu á þessum heimildum en ítrekar nauðsyn þess að setja í íslensk lög ákvæði sem heimila inngríp, og sniðin eru að erlendri fyrirmynd. Seðlabankinn vekur athygli á því að Fjármálaeftirlitinu er heimilt að rifta sölu eigna sem átt hefur sér stað allt að einum mánuði áður en það greip til sérstakra ráðstafana. Þetta er of stuttur frestur. Það má vera stjórnendum fyrirtækis ljóst mun fyrir í hvað stefnir og því nægur tími til að mismuna kröfuhöfum og viðskiptavinum ef vilji er til þess. Seðlabankinn leggur til að tími til riftunar sé lengdur í þrjá til sex mánuði.

Kveðjur,

Harpa Jónsdóttir

Forstöðumaður viðbúnaðar

Fjármálasvið

Seðlabanki Íslands